

## Efni: Umsögn Þingeyjarsveitar um tillögur um breytingu á lögum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga

Í samráðsgátt stjórnvalda er að finna mál nr. 64/2023 um endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og umsagnarfrestur veittur til 30. mars nk. Í samráðsgátt kemur fram að markmiðið með endurskoðuninni sé að bæta gæði jöfnunar, einfalda útreikninga og skipulag sjóðsins og að Jöfnunarsjóður fylgi þróun sveitarfélagagerðarinnar.

Áherslur stjórnvalda hafa verið að efla sveitarstjórnarstigið, auka sjálfbærni sveitarfélaga og bæta enn frekar þjónustu við íbúa, m.a. með sameiningu sveitarfélaga.

Þingeyjarsveit varð til við sameiningu Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar í maí 2022. Við sameininguna varð til landmesta sveitarfélag á Íslandi með rúmlega 1400 íbúa og flókna útgjaldaþörf. Vegalengdir innan sveitarfélagsins eru miklar og því verður útgjaldaþörfin mun flóknari en í þéttbýlli sveitarfélögum af sambærilegri stærð. Vegna mikilla vegalengda innan sveitarfélagsins er ekki

möguleiki á að færa tiltekna rekstrareiningar undir eitt þak. Þingeyjarsveit rekur þrjá skóla, fjórar leikskóladeildir, tónlistardeildir á þrem stöðum, tvær íþróttamiðstöðvar og tvær slökkvistöðvar. Í sveitarfélaginu eru tveir byggðakjarnar í Reykjahlíð og á Laugum. Smærri íbúakjarnar eru við Þingeyjarskóla í Aðaldal og Stórutjarnaskóla í Ljósavatnsskarði auk víðfeðmra dreifðra byggða, frá fjöru til fjalla. Ef frumvarpið verður að lögum lækka framlög til Þingeyjarsveitar um 27,7% eða um tæpa 61 milljón króna á ári. Þingeyjarsveit gerir þónokkrar athugasemdir við drög að frumvarpi til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Samkvæmt fyrirbyggjandi drögum er gert ráð fyrir að stuðull vegna snjómoksturs byggi á kílómetrum innan þéttbýlis. Ekki er gert ráð víðfeðmum sveitarfélögum með stóran hluta vegakerfis í helmingamokstri á móts við Vegagerðina, líkt og er í Þingeyjarsveit.

Í frumvarpsdrögunum er gert ráð fyrir að skerðing vegna sértekna sveitarfélaga sé 0,8 á móti hverri krónu í sjálfsaflatekjur. Þingeyjarsveit telur skerðingu vegna sjálfsaflatekna vera of mikla á skömmum tíma og þurfa sveitarfélögin lengri aðlögunartíma ef áform um breytingar ganga eftir.

Í frumvarpsdrögunum þar sem fjallað er um mat á áhrifum frumvarpsins kemur fram að með þessari breytingu á regluverki Jöfnunarsjóðs muni sjóðurinn styðja betur við bakið á millistórum sveitarfélögum sem eru með flóknar útgjaldaþarfir. Jafnframt segir að í regluverki sjóðsins verði innbyggðir hvatar til sameiningar sveitarfélaga. Ef markmiðið með frumvarpsdrögunum er að hvetja til frekari sameininga sveitarfélaga þá skýtur skökku við að framlög til nýsameinaðs sveitarfélags skerðist um 27,7%, en leiða mætti líkur að því að sveitarfélögin hefðu ekki fengið jafn miklar skerðingar ein og sér.

Hlutverk Jöfnunarsjóðs er að gera ráð fyrir mismunandi gerð sveitarfélaga .s.s. hvað varðar landfræðilega stærð þeirra. Í umræddum frumvarpsdrögum virðist ekki vera nóg gert til að koma til móts við flóknar útgjaldaþarfir í víðfeðmum sveitarfélögum.

F.h. Þingeyjarsveitar.

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri.